

Nd.

580. Nefndarálit

[49. mál]

um frv. til l. um vinnumiðlun.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á nokkrum fundum og fengið Óskar Hallgrímsson, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, til að gefa ýmsar upplýsingar sem varða frv. Breytingartillögur eru fluttar á sérstöku þingskjali.

Nefndin vill taka fram eftirfarandi:

1. Ráðgjafarnefnd skv. 3. gr. þarf að ná samkomulagi um framkvæmd laganna ef tryggja á eðlilega samvinnu allra aðila.
2. Um skyldu atvinnurekenda skv. 14. gr., að tilkynna vinnumiðlun um öll laus störf, verður að ná samkomulagi við samtök þeirra, enda er ekki ávallt auðvelt að skilgreina hvað eru „laus störf“.
3. Í frumvarpinu tekur hugtakið „atvinnuleitandi“ til þeirra sem eru í starfi, en leita eftir öðru starfi. Hugtakið „atvinnuumsækjandi“ tekur til þeirra sem ekki eru í starfi.
4. Fyrsti másl. 17. gr. frv. er efnislega eins og 9. gr. gildandi laga. Eins og tekið er fram í athugasemdum með frv. er ekki stefnt að því að breyta túlkun eða framkvæmd þess ákvæðis. Þess vegna verður fyrirtækjum og einstaklingum heimilt að annast milligöngu um ráðningar, enda sé það gert á kostnað atvinnurekenda.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 15. mars 1985.

Friðrik Sophusson,
form., frsm.
Guðmundur J. Guðmundsson.

Jóhanna Sigurðardóttir,
fundaskr.
Stefán Guðmundsson.
Halldór Blöndal.

Stefán Valgeirsson.
Eggert Haukdal.